

Nr.: Útgáfa: 01 Dags.: 31.05.2007 Höfundar: BG/HB	Iðnskólinn í Reykjavík Stofnanasamningur BHM og IR	
Síða 1 af 4		

Stofnanasamningur milli BHM og Iðnskólans í Reykjavík á grundvelli samkomulags fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM frá 28. febrúar 2005 um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra sem starfa hjá Iðnskólanum í Reykjavík og eru félagsmenn í aðildarfélögum BHM sem stóðu að samkomulagi fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM 28. febrúar 2005 þ.e Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Útgarði, félagi háskólamanna.

2. Markmið

Samningnum er ætlað að bæta rekstrarskipulag skólans, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bættum kjörum.

Markmið stofnanasamningsins er:

- að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaroðun séu teknar með málefnalegum hætti
- að skólinn sé eftirsóttur og góður vinnustaður og geti ráðið hæft fólk til starfa
- að skapa skilyrði fyrir breyttu vinnufyrirkomulagi
- að launaroðun endurspegli ábyrgð
- að gefa starfsmönnum tækifæri til að vaxa og dafna í starfi.
- að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum

3. Röðun starfa í launaflokka

Við röðun í launaflokka er gengið út frá starfslysingum þar sem lýst er kröfum um ábyrgð, hæfni, menntun og reynslu. Röðun skal miðast við grunnverksvið í viðkomandi starfi

3.1 Skilgreining starfsheita

Launakerfið byggir á eftirsarandi starfaflokkun.

Bókasafnsfræðingur
Fjármálastjóri
Kerfisstjóri

Bókasafnsfræðingur

Forstöðumaður bókasafns sér um stjórnun bókasafnsins, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, er ábyrgur fyrir samskiptum við ráðuneytið, stofnanir og fyrirtæki og vinnur með stjórnendum að skipulagi safnsins

Bókasafnsfræðingur skal grunnraðað í lfl. 7

PK
JL

Nr.: Utgáfa: 01 Dags.: 31.05.2007 Höfundar: BG/HB Síða 2 af 4	Iðnskólinn í Reykjavík Stofnanasamningur BHM og IR	
---	---	---

Fjármálastjóri

Skipuleggur, stjórnar og hefur faglega umsjón með fjármálum Iðnskólans í Reykjavík. Sér til þess að bókhald og fjármál uppfylli kröfur íslenskra laga og reglugerða svo og góða reikningsskilavenju.

Fjármálastjóra skal grunnraðað í lfl. 11.

Kerfisstjóri

Hefur umsjón með öllum tölvum og jaðarbúnaði í skólanum. Veitir nemendum, kennurum og öðru starfsfólk gða þjónustu. Tryggir að notendahugbúnaður sé á vélum. Úthlutar aðgangsorði, póstfangi þar sem það á við.

Kerfisstjóra skal grunnraðað í launaflokk 9

4. Persónu- og tímabundnir þættir

Meta skal persónu- og tímabundna þætti sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð árlegu endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækunar um allt að 20% samanlagt af viðkomandi launaflokki í 2,5% bilum. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna vegna skipulagsbreytinga, starfsþróunar eða með hliðsjón af frammistöðumati sem gert er á grundvelli starfsmannaviðtals.

4.1 Persónubundnir þættir.

4.1.1 Menntun

Hér skal metin viðbótarmenntun (þ.e. umfram BA/BS og UK) sem nýtist í starfi, umfram grunnkröfur í 3.1. Nánari viðmið eru:

120 eininga próf 2,5%

Meistarapróf 2,5%

Doktorspróf 2,5%

Annað formlegt heilstætt háskólanám sem nýtist í starfi getur gefið 2,5 % enda samsvari það ekki minna en 30 einingum (60 ETCS)

4.1.2 Starfsreynsla

Starfsreynsla er skilgreind sem samanlögð vinna við stofnunina. Starfsreynsla áunnin við skammtímaráðningu skal einnig teljast að fullu. Hafi starfsmaður við upphaf starfs sértæka starfsreynslu er nýtist við störf hans hjá stofnuninni skal meta þá reynslu til hækunar á sama hátt og starfsreynslu innan stofnunar.

Eftir 1 ár í starfi skulu starfsmenn hækka um 2,5% álag

Eftir 3 ár í starfi skulu starfsmenn hækka um 2,5% álag til viðbótar

Eftir 6 ár í starfi skulu starfsmenn hækka um 2,5% álag til viðbótar

Eftir 9 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 2,5% álag til viðbótar.



Nr.: Útgáfa: 01 Dags.: 31.05.2007 Höfundar: BG/HB Síða 3 af 4	Iðnskólinn í Reykjavík Stofnanasamningur BHM og IR	
---	---	---

4.2 Tímabundnir þættir

Starfsmaður sem tekur að sér tímabundið viðbótarábyrgð og / eða álag m.a. vegna sérstakra verkefna, án þess að grunnverksviði hans sé breytt eða öðrum viðvarandi verkefnum sé fækkað skal fá álagsgreiðslur vegna slíkra aukaverkefna. Heimilt er að hækka starfsmann um þrep ef hann/starfið uppfyllir eftir atvikum 1-3 af neðangreindum forsendum:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð,
- starfsmaður tekur að sér sérstök verkefni sem ekki koma fram í starfslýsingu
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna,
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan,
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

Leggja skal fram skrifleg rök þar sem fram kemur hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

5. Vinnutími bókasafnsfræðings

Vinnutími bókasafnsfræðings skal vera frá 4.janúar til maí-loka og frá öðrum mánudegi í ágúst mánuði til 20.desember ár hvert.

6. Endurmat starfskjara

Starf og starfskjör starfsmanns skal metið reglulega og sérstaklega þegar um meiri háttar endurskoðun verklags/stjórnskipulags innan stofnunar er að ræða. Forstöðumaður (eða sá er hann felur verkefnið) boðar ár hvert til starfsmannasamtala og launaviðtala.

7. Réttur til endurmats á starfi

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

8. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi samkvæmt ákvæðum í samkomulagi fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM frá 28. febrúar 2005 um breytingar og framlempingu á kjarasamningum aðila. Samstarfsnefndin skal einnig semja um röðun starfa samkv. 25.gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nefndin fjallar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

8. Gildistími og endurskoðun.


Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2006 og skal endurskoðaður þegar einn eða fleiri samningsaðila óskar þess.



Nr.: Útgáfa: 01 Dags.: 31.05.2007 Höfundar: BG/HB	Iðnskólinn í Reykjavík Stofnanasamningur BHM og IR	
Síða 4 af 4		

Reykjavík, 31. maí 2007


F.h. Iðnskólans í Reykjavík



F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga



F.h Stettarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga



F.h Útgáðs – félags háskólamanna

